

Fylgiskjal með skattframtali 2022 hjá lögaðila eða einstaklingi í útgerð.  
 Upplýsingaöflun skv. 5. gr. laga nr. 145/2018 um veiðigjald.

Nafn		Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag

	Skip/bátur	Skip/bátur	Skip/bátur	
	Nafn	Nafn	Nafn	Samtals
	Skipaskrárnúmer	Skipaskrárnúmer	Skipaskrárnúmer	
<b>Tekjur</b>				
Aflaverðmæti				
Aðrar tekjur				
<b>Tekjur samtals</b>				

<b>Gjöld</b>				
<b>Laun og launatengd gjöld</b>				
2.1 Laun af aflahlutum				
2.2 Önnur laun áhafnar				
Launatengd gjöld v. 2.1 og 2.2				
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>				
<b>Annar kostnaður</b>				
Skattaleg fyrning skips og skipsbúnaðar á árinu				
Orkukostnaður (Eldsneyti)				
Viðhaldskostnaður				
Veiðarfærakostnaður				
Frystikostnaður				
Umbúðakostnaður				
Löndunarkostnaður og hafnargjöld				
Flutningskostnaður				
Tryggingar				
Sölu- og rekstrarkostnaður				
Stjórnunarkostnaður				
Önnur rekstrargjöld				
<b>Samtals annar kostnaður</b>				
<b>Gjöld samtals</b>				

<b>Mismunur (tekjur – gjöld)</b>				
----------------------------------	--	--	--	--

## Athugasemdir framteljanda


## Skýringar við einstaka reiti

### Nafn skips

Hér skal skrá heiti og skráningarnúmer (einkennisstafir og númer) skips eða báts. Kemur forskráð í rafrænu framtali.

### Skipaskrárnúmer

Hér skal skrá skipaskrárnúmer skips eða báts. Kemur forskráð í rafrænu framtali.

### Aflaverðmæti

Söluverð landaðs afla skipsins.

### Aðrar tekjur

Allar aðrar tekjur skips en aflaverðmæti, svo sem leigutekjur aflamarks.

### 2.1 Laun af aflahlutum

Hlutur áhafnar af aflaverðmæti landaðs afla skipsins.

### 2.2 Önnur laun áhafnar

Önnur laun áhafnar skipsins sem tengist úthaldi þess.

### Launatengd gjöld vegna 2.1 og 2.2

Hér er um að ræða allan annan kostnað sem beint tengist sjómönnum og launum þeirra, svo sem tryggingagjald, mótframlag í lífeyrissjóð, stéttarfélagsgjöld, tryggingar áhafnar, fæðiskostnaður, hlífðarfatnaður o.fl.

### Skattaleg fyrning skips og skipsbúnaðar á árinu

Hér skal færa skattalega fyrningu skips/báts á árinu, auk skattalegrar fyrningar af eignfærðum tækjum og búnaði um borð. Hér er um að ræða fyrningu eigna í fyrningarflokkum 0211 til 0299 skv. eignaskrá RSK 4.01 með framtali.

### Orkukostnaður (Eldsneyti)

Eldsneytiskostnaður vegna úthalds skipsins.

### Viðhaldskostnaður

Viðhaldskostnaður vegna úthalds skipsins.

### Veiðarfærakostnaður

Allur kostnaður vegna veiðarfæra og þ.m.t. beita.

### Frystikostnaður

Frystikostnaður vegna landaðs afla skipsins.

### Umbúðakostnaður

Umbúðakostnaður vegna landaðs afla skipsins.

### Löndunarkostnaður og hafnargjöld

Allur kostnaður við löndun afla, ís, flutnings aflans í land og kostnaður við að skipið sé í höfn.

### Flutningskostnaður

Flutningskostnaður vegna landaðs afla skipsins.

### Tryggingar

Tryggingar skips, húf- og hagsmunatryggingar (rekstrarstöðvunartrygging) og tryggingar veiðarfæra og afla um borð.

### Sölukostnaður

Sölukostnaður landaðs afla, t.d. hjá fiskmörkuðum eða við útflutning.

### Stjórnunarkostnaður

Laun stjórnenda í landi, skrifstofukostnaður o.þ.h. Hér skal einnig færa eftirlits- og leyfisgjöld í fiskveiðum, önnur en veiðigjöld.

### Önnur rekstrargjöld

Öll önnur rekstrargjöld skips sem ekki eru meðtalin undir öðrum liðum að ofan. Hér má nefna sem dæmi veiðigjöld, leigu aflamarks, Hafróafli (VS-afli), net- og símakostnaður um borð, beitningsskúr, veiðarfærageymsla o.fl.